

Ávarp framkvæmdastjóra

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi SSNE á árinu 2021 og hafði ráðandi áhrif á möguleika okkar til að vera í því virka sambandi við sveitarfélög og aðra hagaðila sem við hefðum viljað. Segja má að SSNE hafi starfað í skugga Covid-19 nánast frá stofnun. Fjarfundir eru okkar aðal samskiptaleið en við fögnum því að hafa getað heimsótt aðila og einstaklinga á svæðinu þegar rofað hefur til í faraldrinum og við höfum líka tekið á móti fjölda gesta sem heimsóttu okkur til að fræðast um starfsemi SSNE, tækifæri og áskoranir í landshlutanum, skiptast á upplýsingum og skoðunum. Atvinnuþróun og nýsköpun hefur blómstrað sem og skapandi greinar í verkefnum sem SSNE kemur að svo ekki sé minnst á umhverfismálin sem sannarlega tóku rými á árinu.

Mikil áhersla var á innri uppbyggingu árið 2021 en það fól m.a. í sér vinnu við stefnuskjöl og innleiðingu á stefnum og ferlum, sérstaklega í tengslum við mannauðstengd mál. Einnig var gert átak í skjalamálum og ekki vanþörf á. Skjöl frá félögunum þremur sem sameinuðust í SSNE voru fyrirferðarmikil og mest af þeim á pappír. Nú hefur þeim verið komið í viðeigandi vörslu og þeim skjölum eytt sem mátti eyða.

SSNE opnaði starfsstöð í Ólafsfirði í ágúst. Það var stór áfangi í okkar huga og mjög ánægjulegt að vera kominn með viðveru á Tröllaskaga. Þar með má segja að SSNE hafi tekist að teygja anga sína um allt starfssvæðið og skapað þannig nálægð við öll sveitarfélögin og aðra hagaðila. Einnig var unnið að endurskoðun húsnæðismála á Húsavík og stefnt er að því að SSNE flytji starfsemi sína í skrifstofuáðstöðu hjá Þekkingarneti Þingeyinga sem er að byggja upp nýsköpunar- og þekkingarmiðstöð en þar munu aðilar í nýsköpun og frumkvöðlastarfi koma saman ásamt aðilum í þekkingargeiranum. Fjöldmörg tækifæri felast í því að flétta starfsemi SSNE á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og skapandi greina inn í það umhverfi. Það er þekkt að þar sem ólíkir aðilar, sem vinna að sambærilegum eða skyldum verkefnum koma saman og leggja saman krafta sína, þar skapast umhverfi sem margfaldar sköpunarkraft og hugmyndaðgi, eykur slagkraft og býr til vettvang þar sem verkefni þróast, vaxa og dafna.

Stefnumótun landshlutans í „stóru málunum“ er hluti þeirra mikilvægu verkefna sem ýtt var úr vör á árinu. Við rekum okkur ítrekað á það hversu mikilvægt það er að landshlutinn móti sér skýra sýn og sækir fram á grundvelli sameiginlegrar stefnu sem byggir á helstu áherslum landshlutans þegar kemur að stóru málunum? Það er gríðarlega mikilvægt fyrir SSNE að hafa skýra stefnu til að byggja á þegar við rækjum það hlutverk okkar að gæta hagsmuna heildarinnar m.a. gagnvart ríkisvaldinu. Ég sé það sem eitt af forgangsverkefnum næstu missera og ára að vinna stefnumótun fyrir landshlutann í helstu málaflokkum eins og samgöngustefnu, innviðastefnu, endurskoða stefnu um meðhöndlun úrgangs, umhverfisstefnu og þannig mætti lengi telja.

Það var mikið um að vera á vettvangi starfsmannamála. Fimm einstaklingar hættu störfum hjá SSNE á árinu 2021 en þau eru:

Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála, hún tók við starfi verkefnastjóra sýninga hjá Listasafni Íslands, Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri „Betri Bakkafjörður“ lét af störfum vegna aldurs, Baldvin Valdemarsson, sviðsstjóri tók við starfi forstöðumanns RHA, Helga María Pétursdóttir, verkefnastjóri fjármála og reksturs fór til Háskólans á Akureyri í starf verkefnastjóra gagnagreiningar og fjárhags og Silja Jóhannesar Ástudóttir, verkefnastjóri umhverfismála lét af störfum í lok árs og snéri sér að þróun og uppbyggingu á eigin nýsköpunarverkefni. Ég vil þakka þessu ágæta fólki fyrir ánægjulegt samstarf og mjög gott starf í þágu SSNE á starfstíma þeirra og óska þeim velfarnaðar í því sem þau taka sér fyrir hendur.

Sjö nýir starfsmenn voru ráðnir til SSNE á liðnu ári. Þau eru:

Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjóri atvinnuþróunar og nýsköpunar, Arna Björg Bjarnadóttir, verkefnastjóri „Glæðum Grímsey“, Gunnar Már Gunnarsson, verkefnastjóri „Betri Bakkafjörður“, Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri menningarmála, atvinnuþróunar og nýsköpunar, Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri fjármála og reksturs, Kolfinna María Níelsdóttir, sem sér um kynningar- og markaðsmál, var ráðin tímabundið og Smári Jónas Lúðvíksson var ráðinn í lok árs í starf verkefnastjóra umhverfismála. Að auki starfaði Gerður Sigtryggisdóttir hjá SSNE í nokkra mánuði í átaksverkefni í skjalamálum.

Það fylgja því áskoranir að takast á við svo mikla starfsmannaveltu en við höfum verið ákaflega lánsöm með nýtt starfsfólk sem komið hefur til okkar og tekið við keflinu af þeim sem hættu. Við búum að því að hjá starfar öflugur kjarni reynslubolta sem tryggja yfirfærslu þekkingar og reynslu til hópsins. Það er mikill kraftur, hugmyndaauðgi og frumkvæði í samheldnum hópi starfsfólks SSNE og fram undan eru spennandi tímar með nýjum verkefnum og verðugum áskorunum.

Ég þakka starfsfólki SSNE fyrir þeirra frábæra starf á árinu 2021. Saman hefur okkur tekist að byggja upp öflugan vinnustað sem m.a. byggir á dugnaði, þrautseigju og útsjónarsemi starfsfólksins. Starfsandinn er frábær og einkennist af samheldni, opinskáum og heiðarlegum samskiptum og gleði.

Með kærri kveðju

Eyþór Björnsson